

87. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
4. 10. 2017 kl. 8:15 – 9:30

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Helga Árnadóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Huguín Harpa Reynisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Eyjólfur Guðmundsson, Helga Árnadóttir, Þorvarður Árnason, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Katrín Jónsdóttir og Vilhjálmur Magnússon.

Fjarverandi: Bjarni Guðmundsson og Olga Ingólfssdóttir

Gestir: Árdís Erna Halldórsdóttir og Sigurður Sigursveinsson

1. Þátttaka Nýheima þekkingarseturs í verkefninu “Sjálfbærir norrænir bæir”

Árdís Erna Halldórsdóttir kom inná fundinn og kynnti verkefnið og gerði grein fyrir umfjöllun Bæjarráðs Hornafjarðar um kostnaðaráætlun verkefnisins.

Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir aðkomu Nýheima þekkingarseturs að verkefninu með vinnuframlagi forstöðumanns. Stjórn samþykkir þátttöku í verkefninu og er forstöðumanni falið að ganga frá samningi um verkefnið við Sveitarfélagið Hornafjörð.

2. Próftaka í Nýheimum

Sigurður Sigursveinsson kynnti hugmyndir Háskólafélags Suðurlands um að Nýheimar þekkingarsetur taki við þjónustu vegna próftöku á Höfn sem Háskólafélagið hefur sinnt undanfarin ár. Háskólafélagið mun áfram vera aðili að Nýheimum þekkingarsetri og ekki verður breyting við þetta á starfi starfsmanns Fræðslunets Suðurlands á staðnum. Umræður sköpuðust um umfang og eðli þjónustunnar. Stjórn samþykkir að Nýheimar þekkingarsetur taki við þjónustu við háskólanema.

3. Teymin í Nýheimum

Ákveðið að taka nánari umræðu um teymi á sérstökum vinnufundi stjórnar sem haldinn verður í október.

4. Húsfundur Nýheima

Sérstaklega góð mæting var á húsfund annarinnar þar sem farið var yfir umhverfismál og samveru í húsinu. Á fundinum gerði Eyrún Helga grein fyrir því að fyrirhugað er að halda föstudagshádegi næstu vikur þar sem veitingastaðir á Hornafirði munu selja veitingar á Nýtorgi. Huguín vakti máls á ábendingu sem fram kom á fundinum um að bæta þurfi aðstöðu til að skola endurvinnanlegt sorp.

5. Endurnýjun samnings við SASS

Máli frestað til næsta fundar.

6. Endurnýjun samnings við MMRN

Máli frestað til næsta fundar.

7. Leiguhúsnaði fyrir tímabundna starfsmenn og nemendahópa

Máli frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál

Ákveðið að þau mál sem ekki var hægt að komast yfir á þessum fundi verði tekin fyrir í byrjun vinnufundar stjórnar um teymin.

Fundi slitið klukkan 09:40

Halga Árnadóttir

Hugrún Harpa Reynisdóttir